

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 8. maí 2020 í máli nr. 3/2020

Kærunefndina skipa í þessu máli Hildur Ýr Viðarsdóttir lögmaður, Ívar Halldórsson lögfræðingur og Jón Rúnar Pálsson lögmaður.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 13. mars 2020 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings hennar í viðskiptum við Y, hér eftir varnaraðili. Sóknaraðili telur að farsími sem hún keypti af varnaraðila þann 12. júlí 2019 hafi verið haldinn galla og krefst þess að varnaraðila verði gert að endurgreiða kaupverð farsímans, alls 29.985 krónur.

II

Málsatvik og ágreiningsefni

Sóknaraðili keypti farsíma af varnaraðila þann 12. júlí 2019 fyrir 29.985 krónur. Farsíminn er af gerðinni Samsung A20 og var keyptur til afnota fyrir ólöggráða son hennar. Í kvörtun kemur fram að farsíminn hafi verið bilaður frá upphafi en bilunin lýsir sér þannig að skjár farsímans frýs, leikir hætti að virka og slökkvi í kjölfarið á sér án fyrirvara. Fram kemur að stuttu eftir kaupin fór sóknaraðili með farsímamann til varnaraðila og krafðist nýrrar afhendingar. Hafi varnaraðili hafnaði því og bent sóknaraðila á að ný afhending væri ekki möguleg fyrr en úrbætur hafi verið reyndar þrisvar. Sóknaraðili fór því með farsímamann í viðgerð á verkstæði varnaraðil þann 17. september 2019.

Í gögnum frá verkstæðinu er bilanalýsing eftirfarandi: „kveikt og tekur hleðslu en engin kontakt á skjá og kviknar ekki á honum. [S]ambandsleysi við skjá“. Eftir skoðun verkstæðisins er viðgerðarlýsing eftirfarandi: „því miður var ekki hægt að framkalla bilun á verkstæði sími uppfærður sími yff og prófaður : pass QC test : pass GD test“. Þar sem varnaraðili taldi sig ekki ná að kalla fram bilunina var sóknaraðila afhentur farsíminn að nýju. Að sögn sóknaraðila hélt bilunin hins vegar áfram, til að mynda var ekki hægt að horfa á myndbönd á vefsíðunni Youtube þar sem þau spiluðust afturábak. Farsíminn var því aftur afhentur varnaraðila til viðgerðar þann 29. október 2019. Í bilanalýsingu kemur fram að farsíminn taki „uppá því að gera sjálfstæða hluti. [S]lekkur stundum ekki á skjá þegar það er beðið um það. [S]pólar áfram og afturábak þegar verið er að horfa á myndbönd og opnar og lokar forritum án skipana“. Í viðgerðarlýsingu varnaraðila segir: „Því miður er ekki hægt að bjóða upp á viðgerð á símanum. Við nánari athugun kom í ljós að síminn hefur orðið fyrir bleytuskemmdum. Hefur bleyta komist á móðurborðið. Síminn er því dæmdur óviðgerðarhæfur.“ Sóknaraðila var gert að greiða 3.590 krónur fyrir skoðun varnaraðila. Sóknaraðili segir að farsíminn hafi ekki lent í nokkrum raka enda hafi hann verið bilaður frá upphafi. Sóknaraðili hefur áður borið ágreininginn undir kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa sem gaf út álit í málinu nr. 76/2019 þann 20. janúar 2020 þar sem fallist var á kröfu sóknaraðila um riftun kaupanna vegna galla. Varnaraðili hefur ekki fallist á að fara eftir áliti nefndarinnar þar sem niðurstaða þess er ekki bindandi fyrir málsaðila.

III Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020. Ágreiningur málsins á undir gildissvið laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Sóknaraðili hefur áður borið ágreininginn undir kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa og fengið álit þeirrar nefndar á ágreiningnum. Sú nefnd lagði niður störf þann 1. janúar 2020 þegar kærunefnd vöru- og þjónustukaupa tók til starfa. Þar sem varnaraðili hefur ekki unað álit fyrri nefndar hefur sóknaraðili leitað til kærunefndar vöru- og þjónustukaupa með beiðni um úrskurð í málinu.

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa var komið á fót með lögum nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup. Eftir breytinguna og fram að gildistöku laga nr. 81/2019 voru því ákvæði um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa í 99. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup, 40. gr. laga um þjónustukaup nr. 42/2000 og var svo í 62. gr. laga nr. 48/2002 um neytendakaup mælt fyrir um að fyrrnefnd ákvæði ættu við um kvartanir neytenda á grundvelli laganna um neytendakaup. Í 4. mgr. 99. gr. laga 50/2000 sagði að niðurstöðum nefndarinnar yrði ekki skotið til annarra stjórnvalda, sbr. 63. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Í 2. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa kom einnig fram að niðurstöðum nefndarinnar yrði ekki skotið til annarra stjórnvalda en aðilar geti lagt ágreining sinn fyrir dómstóla með venjulegum hætti. Framangreind ákvæði taka fyrir möguleika á að bera niðurstöðu nefndarinnar undir annað stjórnvald.

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa hefur tekið við hlutverki kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa sem kærunefnd vegna ágreinings í viðskiptum milli neytenda og seljenda. Samkvæmt 2. mgr. 16. gr. laga 81/2019 skal nefndin vísa frá kvörtun sem heyrir undir eða er til meðferðar hjá öðrum lögbundnum eða viðurkenndum úrskurðaraðila. Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa var lögbundinn úrskurðaraðili og tók kvörtun sóknaraðila til meðferðar. Sóknaraðili hefur því þegar fengið niðurstöðu í málinu hjá viðeigandi kærunefnd sem skar úr ágreiningi í neytendakaupum á þeim tíma er sóknaraðili leitaði til kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa. Sóknaraðili getur því ekki leitað til annars stjórnvalds með sama ágreining milli sömu aðila. Með hliðsjón af öllu framangreindu vísar kærunefnd vöru- og þjónustukaupa frá máli sem fráfarandi kærunefnd hefur þegar tekið til meðferðar.

IV Úrskurðarorð

Kvörtun X er vísað frá kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.
Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson